

Endurritun listasögunnar

MYNDLIST

HULDA RÓS
GUÐNADÓTTIR



Listasafn Reykjavíkur -
Kjarvalsstaðir

Lífisfletir – Ásgerður Búadóttir
★★★★☆

Yfirlitssýning. Sýningarstjóri: Aldís Arnardóttir. Sýningin stendur til 3. maí 2020. Safnið er lokað meðan á samkomubanni stendur, en annars opið alla daga klukkan 10–17.

Í ár er öld frá fæðingu Ásgerðar Búadóttur og er þessi veglega sýning sett upp á Kjarvalsstöðum af því tilefni. Það er jafnframt tímabær framkvæmd til að minna á og sýna á einum stað svo mörg verk þessarar merku listakonu.

Verkin á sýningunni eru 45 talsins, ofn í ull og mörg í hrosshár líka. Stærð verka er allt frá því að vera um 30x30 cm upp í að vera margir metrar að flatarmáli. Gestir geta einnig skoðað skissur, teikningar og grafíkverk frá námsárum listakonunnar. Elsta verkið er frá 1950 og þau yngstu frá 1999. Ásgerður hóf feril sinn á tímum þegar abstrakt expressjónisminn og abstraktmálverkið hér heima var framúrstefnan og þrátt fyrir að vera útskrifuð úr málara-deild ákvað hún fljótlega að vinna eingöngu með veflist. Vefnaður var á þessum árum tengdur kvennamenningu og þótti ekki jafn finn miðill og málverkið. Ákvörðunin hefur ekki verið sjálf-sögð.

Sýningin sýnir vel hvernig list Ásgerðar þróaðist gegnum árin. Í fyrstu er hún figúratíf og fyrir-myndirnar eru augljóslega fengnar úr náttúrunni. Hún vinnur allan ferilinn með náttúru og náttúru-fyrirbæri sem innblástur en tengir sig snemma við abstraktið. Hún er tilraunaglöð í vefaðferðum, samsetningu og áferðum og útkoman er fjölbreytileg. Ásgerður verður sýnilega sífellt öruggari og nákvæmari í notkun miðilsins um leið og hún kannar möguleika



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lífisfletir Gagnrýnandi segir sýninguna tímabæra framkvæmd „til að minna á og sýna á einum stað svo mörg verk þessarar merku listakonu.“



Brautryðjandi Vefnaður Ásgerðar var figúratífur fyrstu árin, eins og hér má sjá. Síðan tengdist hún abstraktinu.



Teikning „Gestir geta einnig skoðað skissur, teikningar og grafíkverk frá námsárum listakonunnar.“

áhrif á framtíðar-iðnaðarþjóð-félagið. Sem konu ýttu Bauhaus-menn Albers út í veflistina á meðan Ásgerður segist hafa valið hana sjálfviljug fram yfir málverkið, e.t.v. vegna brautryðjendastarfs Albers og samtímakvenna. Ásgerður talaði um það að hún liti á vefverk sem jafningja abstraktmálverksins og hugsaði um hvert verk sem einstakt. Það hentaði henni betur til frjálsrar túlkunar og tjáningar að vefa en að mála.

Á áttunda áratugnum þegar kvenfrelsisbaráttan tók mikinn kipp fengu „kven“-miðlar eins og vefnaður uppreist æru og voru sýndir víða. Ásgerður fékk að njóta þess og tók þátt í sýningum víðs vegar um Norðurlöndin. Hún var þar í forystu íslenskra veflistamanna og verk hennar urðu vinsæl og nutu virðingar. Allmörg verk á sýningunni eru í eigu afkomenda listakonunnar og nefndra eða ónefndra einkaaðila en það sést líka vel á merkingum á sýningunni að verk Ásgerðar hafa verið eftirsótt eign í listaverkasöfnum. Seðlabanki Íslands, Noræna húsið, Listasafn Reykjavíkur, Hönnunarsafn Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Listasafn HÍ, Listasafn Landsbankans, MÍT Menntaskólinn í tónlist og Listasafn Borgarness eru allt stofnanir sem hafa lánað verk úr safni sínu á sýninguna. Það er þakkar vert að fá að sjá verk sem eru ekki aðgengileg öllu jafna. Í sýningarskrá segir að Ásgerður hafi verið brautrytjandi á sviði vefnaðar, ekki bara á Íslandi heldur einnig í Danmörku. Það hefði verið gaman að sjá líka verk sem eru í eign safna og safnara erlendis.

Sýningin gefur sig ekki út fyrir að setja verk Ásgerðar í samtíma-samhengi, heldur er hún mikið frekar sögulegt yfirlit. Það er í finu lagi.

Það er mjög viðeigandi að draga verk Ásgerðar fram í dagsljósið einmitt núna. Ekki bara út af aldarafmælinu heldur vegna þess að vefnaður hefur að undanförnu notið eins konar endurvæðingar í alþjóðlegu og innlendu samtímalistinni. Má nefna í þessu samhengi ólíka listamenn eins og Bretann Grayson Perry, hina frönsku Lauru Provoust og Hildi Bjarnadóttur. Mikilvæg enduruppgötvun á sögulegum veflistakönum eins og Ásgerði er ekki einsdæmi á Íslandi. Í kringum aldarafmæli Bauhaus á síðasta ári hafa verk Anni Albers til dæmis verið rifjuð upp á stórum safna-sýningum og einnig með sýningum í þekktum alþjóðlegum sölugalleríum með sterka stöðu á listamarkaði. Í því verkefni að endurrita listasöguna er ekki nóg að sýna og skrifa um núlifandi veflistamenn heldur þarf sífellt að skoða hverjir ruddu brautina. Þessi sýning er liður í því og mikil upplifun að koma og læra og njóta.

hans. Í lok áttunda áratugarins þróað verkin í nýja átt og beinar, smágerðari dökkar og ljósar rendur verða meira áberandi á fletinum eftir það. Litnotkun er mjög knöpp og takmarkast við sauða- og hrossahárlitina eða náttúrlega jurtaliti. Fyrir bragðið virka verkin í heild frá sjónarhóli ársins 2020 svolítið eins og þau séu sprottin upp úr 8. áratugnum þegar brúnn og appelsínugulur voru áberandi í hönnun og handverki.

Þótt mikil áhersla væri á málverkið um miðja síðustu öld voru áhrif Bauhaus-skólans þýska á alþjóðalistina einnig til staðar. Kennari Ásgerðar á stríðsárunum hafði verið þýski gyðingurinn Kurt Zier sem byggði upp Myndlista- og handiðaskóla Íslands á meðan hann var flóttamaður hér á landi. Samkvæmt sýningarskrá á hann að hafa bent Ásgerði á veflistina. Bauhaus-hugsunin ferðaðist ekki bara með flóttamönnum til Íslands heldur einnig til Bandaríkjanna. Á meðan Ásgerður var að stíga sín fyrstu skref var veflistakonan og flóttamaðurinn Anni Albers með einkasýningu í Nútímalistasafninu MOMA í New York og líklega hefur Ásgerður frétt af því og haft kynni af þeim verkum. Verk Ásgerðar eru samt talsvert ólík verkum Albers. Anni Albers er af annarri kynslóð og var að vinna í allt öðru sögulegu, samfélagslegu og pólitísku samhengi og hóf feril sinn í ramma modernískrar tilraunar Bauhaus sem snerist um sameiningu handverks, myndlistar og iðnaðar í þeirri viðleitni að hafa jákvæð

DAYCO reimar
í snjósleða, bíla og fjórhjól

Gott úrval af reimum í snjósleða, bíla og fjórhjól.

Stál og Stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 5175000 | stalogstansar.is